

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2016
Tilvísun: 1603017 / 00.08.00

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna Þingskj. 304 - 275. mál.

Vísað er í beiðni nefndasviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 2. mars sl. um umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna.

Með tillögunni er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að undirbúa reglur um hæfisskilyrði leiðsögumanna í ferðum um hálendi Íslands og í þjóðgörðum og friðlöndum á Íslandi og geri Alþingi grein fyrir reglunum með skýrslu í upphafi 146. Lögjafarþings haustið 2017.

Í ört vaxandi atvinnugrein er mikilvægt að málefni ferðaþjónustunnar séu metin og unnin heildstætt svo góð yfirsýn fáiast. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um leiðsögumenn ferðamanna og einnig er hafin endurskoðun á lögnum um skipan ferðamála á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Mikilvægt er að skoða þingsályktunartillöguna í því samhengi og einnig við leiðbeinandi reglur um öryggismál ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda sem Ferðamálastofa gaf út árið 2013 og unnar voru í samstarfi Ferðamálastofu, Samtaka ferðaþjónustunnar, Félags leiðsögumanna og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Ferðamálastofa tekur undir mikilvægi þess að þeir sem leiðsegja í ferðum hafi víðtæka þekkingu á íslensku þjóðlífi, sögu, menningu og náttúru landsins. Það kann að vera skynsamlegt að skipta leiðsögumönnum í flokka en ekki endilega eftir landsvæðum. Aðalmálið við hæfisskilyrði er að leiðsögumennirnir gefi sig ekki út fyrir og geri eitthvað sem þeir geta ekki. Skilgreiningar skipta mestu máli og að þær séu skýrar og góðar og endurspegli aðstæður, enda hafi leiðsögumenn þjálfun á bak við hæfni sína. Þessar skilgreiningar eru til að einhverju leyti hjá leiðsögumannaskólanum. Víða erlendis hefur verið notast við ýmsar skilgreiningar og greint er t.d. á milli leiðsögumanna, gönguleiðsögumanna og fjallaleiðsögumanna. Slík aðgreining gæti einnig komið til greina hér á landi.

Það er mat Ferðamálastofu að efni þingsályktunartillögunnar ætti frekar að vera til umfjöllunar í tengslum við endurskoðun laga um skipan ferðamála eða í tengslum við meðferð frumvarps til laga um leiðsögumenn ferðamanna heldur en sjálfstætt málefni þar sem leiðsögn hópferða á hálendi, þjóðgörðum og friðlöndum er nátengd leyfisveitingum ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa og skilyrðum þeim tengdum. Mikilvægt er að málefni leiðsögumanna ferðamanna séu hendi ferðamála en ekki dreifð á milli stofnana.

Í ljósi ofangreinds leggur telur Ferðamálastofa ekki tímabært að samþykkja þingsályktunartillöguna en leggur til að efni hennar verði haft til hliðsjónar við endurskoðun laga um skipan ferðamála eða meðferð frumvarps til laga um leiðsögumenn ferðamanna.

Ferðamálastofa er reiðbúin að koma á fund nefndarinnar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslu- og umhverfissvið